

Ed.

699. Frumvarp til laga

[388. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Nú verður lögreglumaður skaðabótaskyldur fyrir tjón sem verður við löggæslu og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann og geta dómstólar þá fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Í bókun með sérkjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 18. júlí 1986, var gefið fyrirheit þess efnis að dómsmálaráðuneytið muni beita sér fyrir því að láta leggja fram á næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn, er fæli í sér heimild til að lækka eða fella niður skaðabótafjárhæð vegna tjóns sem lögreglumenn valda við skyldustörf og eru af völdum mistaka eða vanrækslu.

Skyldur og störf lögreglumanna eru þess eðlis að þeir þurfa oftsinnis að bregðast skjótt við aðsteðjandi vanda eða ástandi sem skapast skyndilega. Þá gefst sjaldnast tóm til að leita fyrirsmæla yfirboðara eða ráðrúm til mikillar umhugsunar og verða lögreglumenn að taka tafarlaugar eða tafarlitlar ákvarðanir við erfiðar og oft hættulegar aðstæður.

Lögreglumenn eru í þeirri aðstöðu að geta valdið miklu eignatjóni eða slysi af gáleysi sem ekki verður talið stórfellt. Á s.l. ári var ákveðið að vopna tiltekinn hóp lögreglumanna vegna öryggisvörslu á Keflavíkurflugvelli og ber sá hópur skotvopn að staðaldri við skyldustörf sín. Þessir lögreglumenn eru í þeirri aðstöðu að geta valdið miklu lífs- eða líkamstjóni.

Þau sjónarmið búa að baki þessari lækkunarheimild tjónsfjárhæðar að fjárhagur og aðstæður tjónvalds geta verið slíkar að honum sé gjörsamlega um megn að greiða tjónið allt eða hluta þess. Má segja að sanngirnis- og velferðarsjónarmið liggja til grundvallar þessu ákvæði. Réttarstaða lögreglumanna yrði verulega bætt ef þessi lækkunarheimild verður lögfest.

Mjög fátítt er að ríkið endurkrefji launþega vegna tjóns sem þeir hafa valdið af gáleysi og sem ríkið hefur bætt samkvæmt vinnuveitendaábyrgðarreglunni. Til þess getur þó komið og eins getur tjónþoli snúið sér beint að tjónvaldi. Ofangreind lækkunarheimild nær bæði til endurkröfu vinnuveitanda og beinnar kröfu tjónþola á hendur lögreglumanni sem valdið hefur tjóni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 136. gr. loftferðalaganna. Enn fremur er hliðstæðar lækkunarheimildir að finna í siglingalögum og sjómannaalögum.

Svipaðar reglur hafa verið lögfestar í öðrum ríkjum Norðurlandanna um launþega í öllum starfsgreinum um að dómstólum sé heimilt að lækka skaðabótafjárhæð þegar virtur er efnahagur, sakarstig og aðrar aðstæður tjónvalds sem veldur tjóni í starfi.

Vegna eðlis lögreglustarfa, sem áður hefur verið lýst, þykir eðlilegt að lækkunarheimild verði lögfest um lögreglumenn.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.